

Messur

Guðspjónustur í Reykjavíkprófástsdæmi sunnudaginn 17. október 1982. **ÁRBJARPRESTAKALL:** Barnasamkoma í Safnaðarheimili Árbæjarsóknar kl. 10.30. Guðspjónusta í Safnaðarheimilinu kl. 2.00. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

BREIÐHOLTSPRESTAKALL: Fjölskylduguðspjónusta í Breiðholtsskóla kl. 14.00. Halldór Lárússon o.fl. sjá um stundina. Sóknarpresturinn.

BÚSTADAKIRKJA: Barnasamkoma kl. 11.00. Guðspjónusta kl. 2.00. Bræðrafélagsfundur mánudagskvöld kl. 20.30. Æskulýðsfundur miðvikudagskvöld kl. 20.00. Félagstjóri aldráðra miðvikudag milli kl. 2 og 5. Sr. Ólafur Skúlason dómprófatur.

DIGRANESPRESTAKALL: Barnasamkoma í Safnaðarheimilinu við Bjarnhólslag kl. 11.00. Guðspjónusta í Kópavogskirkju kl. 11.00. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

DÓMKIRKJAN: Messa kl. 11.00. Sr. Hjalti Guðmundsson. Messa kl. 2.00. Sr. Þórir Stephensen. Vænt er þátttöku fermingarbarna og foreldra þeirra. Foreldrar lesa bæn og ritningartexta. Fólk er hvatt til þess að taka með sér sálmaðækur. Dómkórinn syngur, organleikari Marteinn H. Friðriks-son. Minnt er á barnasamkomu á laugardag kl. 10.30 í Vesturbæjarskólanum við Oldugötu. Sr. Agnes Sigurðardóttir.

ELLIHEIMILÍÐ GRUND: Messa kl. 2.00. Sr. Eiríkur J. Eiríksson fyrrverandi prófatur predikar. Félag fyrrv. sóknarpresta.

FELLA- OG HÓLAPRESTAKALL: Laugardagur: Barnasamkoma í Hólabrekkskóla kl. 2.00. Sunnudagur: Barnasamkoma í Fella-skóla kl. 11.00. Guðspjónusta í Safnaðarheimilinu að Keilufelli 1 kl. 2.00. Sr. Hreinn Hjartarson.

GRANSKIRKJA: Barnasamkoma kl. 11.00. Hátíðarguðspjónusta kl. 2.00 í tilefni 10 ára vigsluafmælis Safnaðarheimilisins. Sr. Jónas Gislason predikar, hljóðfæraleikarar taka þátt í messunni, organleikari Arní Arnbjarnarson. Kirkjukaffi kvenfélagskvæna eftir messu. Almenn samkoma nk. fimmtudagskvöld kl. 20.30. Sr. Halldór S. Gröndal.

HALLGRÍMSKIRKJA: Laugardagur: Kirkjukóli barnanna er kl. 2.00 í gömlu kirkjunni. Sunnudagur: Messa kl. 11.00. Sr. Ragnar Fjalar Lárússon. Messa kl. 2.00. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Þriðjud. 19. okt.: Fyrirbænauguðspjónusta kl. 10.30, beðið fyrir sjúkum. Miðvikud. 20. okt.: Náttöngur kl. 22.00. Manuela Wiesler leikur „Meinlætli“ eftir Jollivet.

LANDSPÍTALINN: Messa kl. 10.00. Sr. Karl Sigurbjörnsson.

HÁTEIGSKIRKJA: Barnaguðspjónusta kl. 11.00. Sr. Arngrímur Jónsson. Messa kl. 2.00. Sr. Tómas Sveinsson.

BORGARSPÍTALINN: Guðspjónusta kl. 10.00. Sr. Tómas Sveinsson.

KÁRSNESPRESTAKALL: Barnasamkoma í Kársnesskóla kl. 11.00. Messa í Kópavogskirkju kl. 2.00, altarisganga. Prestur Ólafur Jóhannsson skólaþrestur. Sr. Arní Pálsson.

LANGHOLTSKIRKJA: Óskastund barnanna kl. 11.00. Söngur, sögur, leikir. Guðspjónusta kl. 2.00. Organleikari Jón Stefánsson, prestur sr. Sigurður Haukur Guðjónsson. Sóknarnefndin.

LAUGARNESKIRKJA: Barnaguðspjónusta kl. 11.00. Messa kl. 14.00 fellur niður vegna námskeiðs fermingarbarna í Vatnaskógi. Þriðjud. 19. okt.: Bænauguðspjónusta kl. 18.00, altarisganga. Æskulýðsfélagsfundur kl. 20.30. Miðvikud. 20. okt.: Biblíuskýringar kl. 20.30. Kaffiveitingar. Sóknarprestur.

NESKIRKJA: Laugard. 16. okt.: Samverustund aldrára kl. 15-17. Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur og Arní Johnsen blaðmaður koma í heimsókn. Sunnud.: Barnasamkoma kl. 10.30. Guðspjónusta kl. 14.00. Kl. 15.30: Fræðsluerindi og umræður í Safnaðarheimilinu. Dr. Einar Sigurbjörnsson flytur inngangsorð er hann nefnir: „Nema þér trúð, standist þér ekki?“. (Jes. 7.9.) Allir velkomnir. Miðvikud. 20. okt.: Fyrirbænaemessa kl. 18.15, beðið fyrir sjúkum. Prestarnir.

SELJASÖKN: Barnaguðspjónusta að Seljabraut 54 kl. 10.30. Barnaguðspjónusta Ólduselsskóla kl. 10.30. Guðspjónusta kl. 14.00 í Ólduselsskóla. Fyrirbænaemessa í Safnaðarsalnum Tindaseli fimmtudaginn 21. okt. kl. 20.30. Sóknarprestur.

SELTJARNARNESSÖKN: Barnasamkoma kl. 11.00 í sal Tónlistarskólans. Sóknarnefndin.

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK: Messa kl. 2.00. Organleikari Sigurður Ísólfs-son, prestur sr. Arelíus Nielsson. Safnaðarstjórnin.

FRÍKIRKJAN Í HAFNARFIRÐI: Kl. 10.30 hefst barnastarfið af fullum krafti. Farið verður yfir verkefni vetrarins og eru allir, ungir sem aldnir, hjartanlega velkomnir. Safnaðarstjórn

STOKKESTJARNARFIRKJA: Messa kl. 2.00. Sóknarprestur.

EYRARBAKKAKIRKJA: Barnaemessa kl. 10.30. Sóknarprestur.

BRÆÐRAFÉLAG BÚSTADAKIRKJU: heldur fund í Safnaðarheimilinu mánudaginn 18. okt. kl. 20.30.

Opið um helgina
KLÚBBURINN

Hvað er á seyði um helgina

Hvað er á seyði um helgina

Körfuknattleikur:

Baráttuleikur í Keflavík

— þegar Íslandsmeistarar Njarðvíkur koma í heimsókn

Það verður hart barist undir körfunni um helgina í Keflavík, Akureyri



Litli-Kláus og stóri-Kláus í Garðinum

Litla leikfélagið í Garðinum sýnir fjölskylduleikritið Litla-Kláus og stóra-Kláus eftir Lizu Tezner næstkomandi sunnudag í Samkomuhúsinu í Garði kl. 15.

Með helstu hlutverk fara Rögnvaldur Finnbogason, Bragi Einarsson, Kristbjörg Eyjólfssdóttir og Guðrún Guðjónsdóttir. Leikstjóri er Herdís Þorvaldsdóttir.

HAFNARFJARÐARKIRKJA: Sunnudagskóli kl. 10.30. Messa kl. 14.00, altarisganga. Aðal-safnaðarfundur í Góðtemplarhúsinu kl. 15.00.
KEFLAVÍKURKIRKJA: Sunnudagskóli kl. 11.00. Munið skólabilinn. Guðspjónusta kl. 14.00. Organisti Siguróli Geirsson.
KIRKJA ÓHÁÐA SAFNAÐARINS: Messa kl. 14.00. sunnudag. Emil Björnsson.

Listasöfn


Ásmundarsalur: Á morgun, laugardag, opnar Edda Jónsdóttir sýningu á teikningum í Ásmundarsal. Sýningin stendur til 24. október og er opin alla daga frá kl. 16-22.
ÞJÓÐMINJASAFNIÐ Íslands, Suðurgötu 41: er opið sunnudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga á milli kl. 13.30—16.00.
LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR: er opið sunnudaga og miðvikudaga frá kl. 13.30—16.00.
ÁSGRÍMSSAFN Bergstaðastræti 74: Opnið þriðjudaga, fimmtudaga og sunnudaga frá kl. 13.30—16.00.
LISTASAFN ÍSLANDS: Lokað til 24. okt.
LISTASAFN ASI: Engin sýning fyrr en 6. nóvember.
GALLERI LÆKJARTORG: Sl. laugardag opnaði Myrian Bat-Yosef-Maria Jósepsdóttir sýningu í Galleri Lækjartorg. María hefur haldið yfir 50 einkasýningar viðs vegar um heim og tekið þátt í fjórða samsýninga en verk eftir hana eru á nútímastöfnum, m.a. í París, New York, Stokkholmi, Tokyo og Tel Aviv. Sýningunni lýkur 24. október.



og Reykjavík. Leikur helgarinnar, sem augu allra körfuknattleiksunnenda beinast að, er leikur nýliðanna frá Keflavík gegn Íslandsmeisturum Njarðvíkur í íþróttahúsinu í Keflavík kl. 14.00 á morgun.


Þetta er sannkallaður draumaleikur allra Suðurnesjamanna, því að það er ávallt hart barist þegar nágrannarnir og erkjendurnir leiða saman hesta sína — hvort sem það er í knattspyrnu, handknattleik eða körfuknattleik.

Keflvíkningar eru með mjög skemmtilegt lið, sem hefur komið mjög á óvart í úrvalsdeildinni —



-gb. Það verður mikið fjör undir körfunni um helgina.

unnið bæði KR og Fram. Þorsteinn Bjarnason, landsliðsmarkvörður í knattspyrnu og fyrrum leikmaður Njarðvíkinga, getur leikið með Keflvíkungum, en það gat hann ekki um sl. helgi gegn Fram, þar sem hann var með knattspyrnularandiðinu í Írlandi. Það má búast við að uppselt verði í íþróttahúsið þegar leikur liðanna hefst og búast má við miklum baráttuleik, þar sem ekkert verður gefið eftir. Við viljum óska þeim áhorfendum, sem leggja leið sína til að sjá liðin leika, góðrar skemmtunar. Þeir fá örugglega eitthvað fyrir peningana sína.




Örn Ingi, Guðmundur Ármann, Óli G. Jóhannsson og Helgi Vilberg frá Akureyri, sem nú sýna á Kjarvalsstöðum. Fyrir framan Helgason.

Sjö Akureyringjar á Kjarvalsstöðum

Sjö myndlistarmenn, búsettir á Akureyri, opna á morgun kl. 14 sýningu að Kjarvalsstöðum. Þeir eru: Aðalsteinn Vestmann, Einar Helgason, Guðmundur Ármann, Helgi Vilberg, Kristinn G. Jóhannsson, Óli G. Jóhannsson og Örn Ingi.

Í samtali við DV sagði Guðmundur Ármann að verkin á sýningunni væru jafn ólík sem listamennirnir. Þar getur að líta mjög mis-



polaroid skúlptúrum í Galleri Langbrók. Sýningin stendur til 24. október og er opin daglega frá kl. 12-18 og um helgar frá kl. 15-18.

Ráðstefnur

Ráðstefna um stöðu og framtíð líffræðináms og -kennslu á mismunandi skólastigum

Líffræðifélag Íslands gegnst fyrir helgarráðstefnu um ofangreint efni í Menntaskólanum við Hamrahlið 16. og 17. október nk. Til ráðstefnunnar er boðið líffræðingum, kennurum, nemendum, foreldrum og öðrum áhuga- mönnum. Ráðstefnan hefst laugardaginn 16. október kl. 13.30 á stuttum erindum um núverandi stöðu líffræðinnar í ýmsum skólum og á ýmsum skólastigum. Síðan verður unnið í starfskópum um ýmis mál er varða efni ráðstefnunnar. Á sunnudaginn verða störf hópanna kynnt og að lokum almennar umræður.

Íþróttir

Föstudagur: Handknattleikur:

Akureyri: KA og Afturelding leika í 2. deild karla kl. 20.00 kl. 20.00 og strax á eftir leika Dalvík og Reynir S. í 3. deildarkeppinni. **Varmá:** Breiðablik og Ármann leika kl. 20.00 í 2. deild.

Laugardagur: Handknattleikur:

Akureyri: Þór og Reynir S. leika kl. 14.00 í 3. deild. **Borgarnes:** Skallagrímur og Ögri kl. 14.00 í 3. deild. **Hafnarfjörður:** Haukar — Gróttá í 2. deild karla kl. 14.00.

Laugardalshöll: Fylkir — Keflavík í 3. deild kl. 14.00. **Vestmannaeyjar:** Þór V. og HK í 2. deild karla kl. 14.00.

Körfuknattleikur:

Hagaskóli: Valur og Fram í úrvalsdeildinni kl. 14.00. **Keflavík:** Keflavík og Njarðvík í úrvalsdeildinni kl. 14.00. **Akureyri:** Þór og Haukar í 1. deildarkeppinni kl. 16.00.

Sunnudagur: Handknattleikur:

Hafnarfjörður: Stjarnan og Valur í 1. deild karla kl. 20.00.

Körfuknattleikur:

Hagaskóli: IR og KR í úrvalsdeildinni kl. 19.00.

Leiklist

Leikfélag Akureyrar

Á föstudagskvöldið og sunnudagskvöldið kl. 20.30 sýnir Leikfélag Akureyrar Atómstöðina eftir Halldór Laxness. Leikstjórn og handrit: Briet Héðinsdóttir; leikmynd og búningar: Sigurjón Jóhannesson; lýsing: Ingvar Björnsson, Uglu Guðbjörg Thoroddsen.

Sýningar

Háholt Hafnarfirði

Málverkasýning Eggerts Guðmundssonar verður opnuð laugardaginn 16. október nk. kl. 16 í Háholti, sýningarsal Þorvaldar Guðmundssonar, Dalshrauni 9 Hafnarfirði.

Eggert, sem nú er orðinn 76 ára gamall, er flestum Íslendingum kunnur en hann var aðeins 16 ára gamall þegar hann ákvað að nema málalari. Hann lærði hjá Mugg, Stefáni Eiríkssyni, Einarvi Jónssyni og Ríkharði Jónssyni. Arið 1927 fór hann til München í Þýskalandi og hóf nám í Listháskólanum þar í borg.

Eggert hefur tekið þátt í mörgum samsýningum erlendis svo og haldið fjölda einkasýninga bæði erlendis og hérlandis. Arið 1950 fluttist hann til Australíu og bjó þar um skeið. Eggert var teiknikennari í Tönskólanum í Reykjavík þar til hann varð sjóttugur. Sýning Eggerts verður opin til 31. október virka daga kl. 16, laugardaga og helgidaga kl. 15-22.